

Sérðu krókódíl?

Þýðandi Guðný Eva Pétursdóttir

Fjöldi leikmanna: 2-4

Aldur: Frá 3 ára

Lengd: U.þ.b. 15 mín.

Innihald:

30 kringlóttar litaskífur (5 í hverjum lit, í 6 mismunandi litum, með mynd af krókódíl eða vatnsgusum á bakhlið), 6 skífur fyrir lokareitinn, 4 sögupersónur, 4 standar fyrir þær, 1 spilaborð, 1 bátaskýli (í þrívídd), 1 bátur (í þrívídd), 1 litateningur.

Undirbúningur:

Púslíð saman spilaborðinu. Setjið þrívíða bátinn og bátaskýlið á viðeigandi reiti á spilaborðinu. Festið sögupersónurnar hverja á sinn stand.

Stokkið litaskífurnar 30 og leggið á miðju borðsins þannig að litahliðin snúi upp.

Hver leikmaður velur sér sögupersónu og setur hana við hliðina á byrjunarreitnum (hvítur reitur) á bryggjunni.

Yngsti leikmaðurinn kastar litateningnum sem ákveður í hvaða lit lokareiturinn á að vera. Samsvarandi skífu fyrir lokareit er stungið í gatið við bátaskýlið.

Markmið:

Að vera fyrstur að bátaskýlinu.

Spilið:

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Hann setur sögupersónuna sína á hvíta reitinn á bryggjunni og kastar litateningnum.

Hann velur sér síðan litaskífu af miðju spilaborðsins í sama lit og upp kemur á teningnum.

Ef á bakhlið skífunnar er mynd af vatnsgusu má leikmaðurinn færa sig á næsta reit í þessum lit á spilaborðinu.

Ef á bakhlið skífunnar er mynd af krókódíl, æpir leikmaðurinn upp yfir sig og sögupersónan hans situr kyrr á reitnum.

Litaskífunni er síðan fleygt í þrívíða bátinn.

Ath. Ef leikmaður kastar teningnum og allar skífur í þeim lit, sem upp kemur, eru búnar, eru allar litaskífur í þeim lit settar aftur á borðið og hann velur eina þeirra.

Þá á næsti maður leik.

Spilið heldur áfram uns einhver leikmanna kemst á lokaskífuna með því að fá upp réttan lit á teningnum (og forðast krókóðilana). Þá má sá leikmaður setja sögupersónuna sína inn í bátaskýlið og sigrar.

Ath. Yngri leikmenn mega færa sig beint á lokaskífuna (ef réttur litur kemur upp á teningnum), án þess að þurfa að taka skífur af miðju spilaborðsins. Það getur stundum stytst spilatímann.

Sigurvegarnir:

Sá sem er fyrstur að bátaskýlinu sigrar.

